

um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Hveragerðishreppi hluta úr landi ríkisjarðarinnar Vorsabæjar og um eignarnámsheimild á lóðum og erfðafesturéttindum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hveragerðishreppi í Árnessýslu allt það land jarðarinnar Vorsabæjar, sem liggur neðan (austan) Hamarsins og línu frá Litla-Hamri skemmstu leið í Varmá.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það ákveðið af gerðardómi, sem kaupandi og seljandi tilnefna hvor sinn mann til, en sýslumaður Árnessýslu skipar oddamann. Hveragerðishreppi skal ekki gert að greiða þá verðhækkun á landinu, sem orðið hefur vegna framkvæmda hreppsfélagsins sjálfs.

Andvirði landsins skal Hveragerðishreppi heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær, og þá á sama verði hlutfallslega og Hveragerðishreppi verður gert að greiða fyrir landið, en óheimilt er hreppsnefnd Hveragerðishrepps að selja öðrum land eða lóðir úr umræddu landi.

Jarðhitaréttindi fylgja ekki hinu selda landi.

2. gr.

Hreppsnefnd Hveragerðishrepps er heimilt að taka eignarnámi lóðir í einkaeign og erfðafesturéttindi úr landi jarðarinnar Vorsabæjar, er liggja innan takmarka þeirra, er um ræðir í 1. gr., ef nauðsyn krefur vegna skipulags hreppsins.

Um framkvæmd eignarnáms fer eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með bréfi, dags. 2. febrúar, hefur landbúnaðarráðherra beðið landbúnaðarnefnd að flytja þetta frumvarp á yfirstandandi þingi. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til málsins. Frumv. fylgdi svofelld greinargerð frá ráðuneytinu:

Eins og kunnugt er, var Hveragerðishreppi skipt úr Ölfushreppi samkvæmt ráðuneytisbréfi frá 13. marz 1946, og var lagt til Hveragerðishrepps allt land jarðarinnar Vorsabæjar vestan Varmár, enn fremur sá hluti jarðarinnar Öxnalækjar, er liggur vestan Suðurlandsveggar (Krýsuvíkurvegar), og loks spilda úr landi jarðarinnar Reykja umhverfis héraðssundlaugina Laugaskarð.

Jörðin Öxnalækur er einkaeign, en jörðin Vorsabær er eign ríkisins. Byggðin í Hveragerði er öll á landi Vorsabæjar og þau svæði, sem áformað er að byggist á næstunni, en það eru flatirnar frá Hamrinum austur að Varmá.

Það er viðurkennt, m. a. með lagasetningu um aðstoð við bæjarfélög og þorp til að kaupa lönd innan marka sinna (lög nr. 41/1963), að vegna skipulagsmála og almenningsþarfa sé nauðsynlegt, að bæjar- og sveitarstjórnir hafi fullan umráðarétt yfir þeim lóðum og löndum, sem á hverjum tíma eru ætluð til bygginga og annarrar mannvirkjagerðar, og að þær geti með nokkurri framsýni unnið að heildarskipulagi byggðanna.

Hveragerði er ört vaxandi þorp með ótakmarkaða möguleika til atvinnurekstrar vegna hinnar miklu jarðhitaorku í nágrenninu, og er það því nauðsynlegt, að af framsýni sé unnið þar að skipulagsmálum og öðrum almenningsmálum.

Á undanförunum áratugum hefur töluvert af lóðum í Hveragerðishreppi verið selt eða leigt á erfðafestu, og er því farið fram á heimild til að taka lóðir þessar og erfðafesturéttindi eignarnámi, ef þurfa þykir vegna skipulags.

Ekki er farið fram á, að ríkissjóður selji það land, er liggur ofan Hamarsins. Það land liggur í dalnum innan við, og þar hafa miklar jarðboranir farið fram til rannsóknar á jarðhita. Má ætla, að raforkumálastjórnin þurfi á þessu landi að halda vegna frekari rannsókna og mannvirkjagerðar til nýtingar jarðhitans, sem þar er.

Þá er ekki farið fram á, að jarðhitaréttindi fylgi hinu selda landi.

Alþingi hefur áður veitt heimild til að selja bæði Eyrarbakkahreppi og Stokks-eyrarhreppi öll lönd ríkissjóðs innan þeirra hreppa.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk hreppsnefndar Hveragerðishrepps.